

Miðvikudaginn 3. janúar 1996.
 Nr. 22/1995. **Vinnuveitendasamband Íslands**
 (Jón H. Magnússon hdl.)
 gegn
Alþýðusambandi Íslands, f.h.
Verkamannasambands Íslands
vegna Verkalýðsfélagsins Einingar
 (Atli Gíslason hrl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanevnd. Gagnkrafa. Dómsvald Fé-
 lagsdóms.

Dómur Félagsdóms.

Málið dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediksdóttir, Valgeir Pálsson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Mál þetta, sem dómtekið var 21. desember sl., var þingfest 12. desember sl.

Stefnandi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík.

Stefndi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-0189, Grensásvegi 16, Reykjavík, f.h. Verkamannasambands Íslands, kt. 680269-5219, Skipholti 50c, Reykjavík vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, kt. 510169-2399, Skipagötu 14, Akureyri.

Endanlegar dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Verkalýðs-
 félagsins Einingar á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 við Vinnu-
 veitendasamband Íslands sé ólögmat og gildislaus.

Að stefnandi verði sýknaður af gagnkröfum stefnda.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Krafist er málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins og að til-
 lit verði tekið til virðisaukaskatts af hinum dæmda málskostnaði.

Gagnkrafa stefnda:

Að viðurkennt verði með dómi að niðurstaða launanevndar 30. nóvember 1995 verði dæmd ógild.

Að viðurkennt verði með dómi að launanevnd hafi farið út fyrir heimildir þær sem hún hefur skv. 17. gr. kjarasamningi aðila og hafi

unnið verk sín án nokkurs umboðs frá stefnda með því að meta forsendur sjálfstætt og með því að hafa hafið kjarasamningsviðræður við stefnanda og ríkisstjórn.

Málavextir.

Hinn 21. febrúar 1995 gerði Vinnuveitendasamband Íslands vegna aðildarféлага þess og einstakra meðlima og Vinnumálasambandið annars vegar og Verkamannasamband Íslands vegna aðildarféлага þess hinsvegar kjarasamning. Með kjarasamningi þessum skyldu allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengjast til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem fólust í samningnum. Stefndi samþykkti samninginn 9. mars 1995.

Í kjarasamningi aðila eru svohljóðandi ákvæði um forsendur samningsins og endurskoðun hans á samningstímabilinu:

„16. gr. – Forsenda samnings þessa er yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgir samningi þessum. Þá er jafnframt á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Aðilar eru enn fremur sammála um mikilvægi þess að auka framleiðni og verðmætasköpun í atvinnulífinu til þess að standa undir raunverulegum og varanlegum kjarabótum. Þeir munu því beita áhrifum sínum til þess að efla rannsóknir, þróunar- og markaðsstarf, svo og samstarf hagsmunaaðila sem stuðli að þessu markmiði.

17. gr. – Á samningstímabilinu skal starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landssamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar og skal hún á samningstímanum fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Nefndin og samtökin sem að henni standa munu beita sér fyrir umfjöllun og aðgerðum til þess að auka framleiðni í atvinnulífinu í samræmi við markmið samningsins. Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Í tengslum við gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í febrúar 1995 gaf ríkisstjórn Íslands út yfirlýsingu í 17 töluliðum. Er vísað til þessarar yfirlýsingar í 16. gr. kjarasamningsins.

Með bréfi dags. 30. nóvember 1995 tilkynnti stefndi, Verkalýðs-félagið Eining, stefnanda, að fundur trúnaðarmannaráðs félagsins, hafi í framhaldi af samþykktum félagsfunda 19. og 20. nóvember ákveðið að segja gildandi kjarasamningi félagsins við vinnuveitendur lausum. Skyldi uppsögnin taka gildi 31. desember 1995.

Þann 30. nóvember 1995 komst launanefnd ASÍ og vinnuveitenda að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávík frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“ Í framhaldi af niðurstöðu launanefndar sendi stefnandi bréf til stjórnar og trúnaðarmannaráðs stefnda þar sem farið var fram á það að stefndi endurmeti afstöðu sína í ljósi breyttra aðstæðna. Með bréfi stefnda þann 7. desember 1995 ítrekaði stefndi fyrri ákvörðun um uppsögn kjarasamninga.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi á grundvelli 2. tl. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Hann byggir kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda, Verkalýðfélagsins Einingar, á kjarasamningi við Vinnuveitendasamband Íslands sé ekki í samræmi við ákvæði 16. og 17. gr. samningsins og því ólögmat.

Kjarasamningi Verkamannasambands Íslands og aðildarfélaga þess hafi verið ætlað að gilda til 31. desember 1996 og falla þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Settur hafi verið öryggisventill í samninginn ef marktæk frávík yrðu á forsendum hans sem eru tilgreindar með tæmandi hætti. Venja sé fyrir því að tekið sé fram með skýrum hætti í kjarasamningum hvaða aðstæður gætu leitt til uppsagna eða breytinga á samningum, enda sé það nauðsynlegt, sbr. og ákvæði 6. gr. laga nr. 80/1938. Gildistími kjarasamninga þurfi að vera ljós og hvort og þá með hvaða skilyrðum þeim verði sagt upp.

Sérstakri nefnd, launanefnd ASÍ og vinnuveitenda, hafi með kjarasamningi Verkamannasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Launanefndin skyldi gera tillögur til samtaka launþega og vinnuveitenda og stjórnvalda með það að markmiði að samningsforsendur héldu svo ekki þyrfti að koma til uppsagnar samninga. Fyrst eftir að launanefnd hafi komist að niðurstöðu væri tilefni til ákvörðunar um uppsagnir kjarasamninga, sem einungis yrði tekin á vettvangi launanefndar, ef samningsforsendur væru taldar brostnar.

Í bréfi stefnda frá 30. nóvember 1995 hafi því verið haldið fram að marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum að mati stjórnar stefnda án þess að nánari grein væri gerð fyrir fullyrðingunni. Í 16. grein kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar séu forsendur samninga tæmandi taldar. Annars vegar sé vísað til yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í 17 liðum og hins vegar á því byggt að verðlagsþróun á samningstímanum í heild yrði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslíf-inu yrði tryggður.

Með samþykkt kjarasamnings Verkamannasambandsins frá 21. febrúar hafi stefndi Verkalýðsfélagið Eining veitt launanefnd landsambanda ASÍ og vinnuveitenda umboð til að fylgjast með framvindu mála og meta það hvort frávik hafi orðið frá samningsforsendum skv. 16. gr. og hvort segja eigi upp samningum, en skv. niðurlagi 17. gr. sé ekki heimilt að segja kjarasamningum lausum nema marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Launanefndin, sem hafi starfað í samræmi við 17. gr. kjarasamnings Verkamannasambandsins, hafi þann 30. nóvember 1995 komist að þeirri niðurstöðu að ekki væru marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.

Ótvírætt sé því að forsendur kjarasamninga hafi staðist, réttur aðili, launanefnd, hafi lagt mat á samningsforsendur, uppsagnarheimildin sé aðeins hjá hvorum hluta launanefndar og sé því uppsögn stefnda á kjarasamningum frá 21. febrúar 1995 ólögmat og kjarasamningar stefnanda og stefnda gildi til 31. desember 1996.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því í fyrsta lagi að Verkalýðsfélaginu Einingu hafi verið heimilt með vísan til sjálfstæðis stéttarféлага og meginhlutverka þeirra skv. 3. og 5. gr. laga nr. 80/1938 að taka ákvörðun um uppsögn samninga, sbr. og skv. orðalagi 17. gr. kjarasamningsins og með vísan til forsendubrests.

Þá vísar stefndi til þess í öðru lagi að sú launanefnd sem sett var á laggirnar með gerð kjarasamnings í febrúar 1995 hafi haft skýrt afmarkað starfssvið það er að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda. Launanefnd hafi tekið sér bessaleyfi með því að meta forsendur umboðslaust frá Verkalýðsfélaginu Einingu, eftir að hafa falast eftir einhvers konar leiðréttingum frá stjórnvöldum og

atvinnurekendum, sem bendi til einskis annars en að í raun hafi nefndin viðurkennt forsendubrest. Þá hafi launanefndin ekki lokið störfum sínum innan tilskilins tíma, þannig að stefndi í máli þessu hafi orðið að grípa til þeirra aðgerða að segja upp samningum í síðasta lagi fyrir skrifstofutíma þann 30. nóvember 1995, en tillaga launanefndar hafi borist í gegnum myndsendi stefnda að kvöldi 30. nóvember 1995, löngu eftir lokun skrifstofutíma.

Með þessum vinnubrögðum hafi launanefnd farið langt út fyrir starfssvið sitt og þau verk sem hún vann hafi í engu verið unnin í umboði stefnda. Þeirri heimild að fara með samningsgerð og segja samningum upp hafi stefndi ekki afsalað til launanefndar enda sé hér um að ræða eitt meginhlutverk stefnda gagnvart sínum félagsmönnum.

Í þriðja lagi byggir stefndi sýknukröfu sína á því að launanefnd hafi með tillögugerð sinni farið langt út fyrir umboð sitt með því að setjast í samningsstól fyrir hönd einstakra stéttarféлага og gera tillögu fyrir þeirra hönd og binda félögin við þá breytingu með því að knýja fram samþykki á henni. Stefndi byggir á því að samningar hafi annars vegar ekki verið lausir og hins vegar falli samningsgerð ekki undir markmið og heimildir launanefndarinnar. Hins vegar megi líta svo á að með tillögu sinni að breytingu á kjarasamningi hafi launanefndin í raun viðurkennt að samningar væru lausir og kjaraviðræður heimilar. Með höfnun sinni á tillögu launanefndar hafi stefndi því opnað fyrir frekari samningsgerð sem hafi verið svarað með því að stefna honum fyrir Félagsdóm.

Með gagnkröfu sinni sé stefndi að tryggja að dómurinn leggi mat á störf launanefndar og þá sérstaklega hvort störf hennar samrýmist hlutverki nefndarinnar. Þá skorar stefndi á nefndina að sýna fram á umboð frá stefnda til þeirra verka sem nefndin vann.

Stefndi vísar aðallega til kjarasamnings frá 21. febrúar 1995 og laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938.

Krafa stefnda um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988 en stefndi er ekki virðisaukaskattskyldur og sé því nauðsyn að fá álag er honum nemur úr hendi gagnaðila.

Niðurstæða.

Samkvæmt 1. gr. kjarasamnings Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambandsins við Verkamannasamband Íslands frá 21.

febrúar 1995 voru allir síðast gildandi kjarasamningar aðila framlengdir til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem í samningnum fólust og skyldu þá falla úr gildi án sérstakrar uppsagnar. Um uppsögn kjarasamningsins á samningstímabilinu er fjallað í 17. gr. hans. Samkvæmt þeirri grein skal á samningstímabilinu starfa sérstök launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landsamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Á samningstímanum skal nefndin fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og gera tillögur um viðbrögð til samtakanna og stjórnvalda eftir því sem aðstæður krefjast á hverjum tíma. Um uppsögn segir svo í grein þessari: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum skv. 16. gr. Komi til uppsagnar samningsins skv. framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Á fimm félagsfundum Verkalýðsfélagsins Einingar 19. og 20. nóvember 1995 var eftirfarandi tillaga samþykkt:

„Almennir félagsfundir í Verkalýðsfélaginu Einingu Eyjafirði samþykkja að skora á launanefnd landsambanda innan ASÍ að segja nú þegar upp gildandi kjarasamningum þannig að þeir verði lausir um næstu áramót.“

Ennfremur samþykkja fundirnir að veita stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins heimild til að segja upp gildandi kjarasamningum félagsins.“

Hinn 30. nóvember 1995 komst launanefnd að þeirri niðurstöðu „að ekki séu marktæk frávik frá forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra.“

Ljóst er að ágreiningur er með málsaðilum um störf launanefundar. Meintir annmarkar á störfum nefndarinnar þykja þó ekki þess eðlis að telja verði niðurstöðu nefndarinnar um samningsforsendur markleysu. Ráða má af gögnum málsins, þ.á.m. fyrrnefndri samþykkt stefnda, að það hafi verið hlutverk launanefundar að meta forsendur fyrir uppsögn kjarasamningsins, sbr. 16. og 17. gr. hans. Því þykir ekki unnt að fallast á það með stefnda, að hann geti á sitt eindæmi metið, hvort samningsforsendur hafi staðist. Þá hefur stefndi ekki sýnt fram á að forsendur kjarasamningsins hafi brostið.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Samkvæmt 17. gr. kjarasamnings aðilanna frá 21. febrúar 1995 er

launanefnd skipuð þremur fulltrúum frá landsamböndum ASÍ annars vegar og vinnuveitendum hins vegar. Telja verður að sakarefni það, sem gagnkrafan tekur til, falli ekki undir verksvið Félagsdóms sbr. 44. gr. laga nr. 80/1938. Þá er gagnkröfunni einungis beint að stefnanda í máli þessu og ber því jafnframt með vísan til 2. mgr. 18. gr. laga nr. 91/1991 að vísa gagnkröfunni frá dómi.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Uppsögn Verkalýðsfélagsins Einingar á kjarasamningi félagsins og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995 er ógild.

Gagnkröfu stefnda, Alþýðusambands Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, er vísað frá Félagsdómi.

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Einingar, greiði stefnanda, Vinnuveitendasambandi Íslands, kr. 100.000 í málskostnað.
